

- 144 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrasjóðinn Minning“, útgefin á
 15/7 '38 venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 15. júlí 1938.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir „Sjúkrasjóðinn Minning“.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita „Sjúkrasjóðurinn Minning“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Sæunni Bjarnadóttur, sem nú dvelur í Leslie, Sask., Canada, en er ættuð úr Miðfirði í Vestur-Húnavatnssýslu. Ennfremur er meðal stofnfjár sjóðsins 25 — tuttugu og fimm — króna gjöf frá Arnljóti Kristjánssyni, Elfros, Sask., Canada, til minningar um látna konu sína, Ingunni Gunnarsdóttur, frá Hafragili í Skagafirði, og í þriðja lagi 100 — eitt hundrað — krónur gjöf frá Einari Jónssyni myndhöggvara og konu hans, Önnu Jónsson, Reykjavík, Íslandi.

Stofnfé sjóðsins er í heild 1000 — eitt þúsund — krónur, og er gert ráð fyrir, að honum geti, auk árlegra vaxta, hlotnast tekjur af tillögum eða gjöfum síðar meir.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fáteka sjúklinga, sem heimili eiga í Vestur- eða Austur-Húnavatnssýslu og ekki fá opinberan styrk annars staðar frá og verða fyrir tilfinnanlegum kostnaði vegna sjúkrahússdvalar eða vegna veikinda á annan hátt.

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Sparisjóði Húnavatnssýslu á Blönduósi eða á öðrum þeim stað, sem stjórn sjóðsins álitur fullkomlega tryggan.

Þegar ársvextir eru orðnir 100 — eitt hundrað — krónur eða meira, má veita fé úr sjóðnum, þannig að aldrei sé árlega veitt meira en sem nemur $\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu — hlutum ársvaxtanna. $\frac{1}{4}$ hluti leggst ávallt við höfuðstólinn þar til innstæða sjóðsins nemur 50 000 krónum. Úr því má veita úr honum allt að $\frac{1}{10}$ hluta ársvaxtanna, en $\frac{1}{10}$ hlutinn sé æfinlega lagður við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skulu þessir menn skipa: Sóknarpresturinn í Melstaðarprestakalli, sóknarpresturinn í Þingeyrarklaustursprestakalli og sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar stjórninni og úthlutar hún honum. Veita má fleirum en einum á ári, ef fé er fyrir hendi, en þó skal aldrei veitt minni upphæð hverjum einstökum en 75 — sjötíu og fimm — krónur í einu. Stjórn sjóðsins hefir reikningshald hans með höndum og annast eftirlit með honum að öðru leyti. Skal reikningur sjóðsins birtur árlega á þann hátt, sem stjórn hans ákveður.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Dagsett í Winnipeg, Manitoba, Canada, 28. desember 1936.

Sæunn Bjarnadóttir.